



Leikskólinn
Álfheiði

Leikskólar Kópavogs Starfsáætlun 2026 – 2027



Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Inngangur.....	3
2025-2026.....	3
2026-2027.....	4
Leiðarljós leikskólans.....	5
Mat á skólastarfi.....	5
Innra mat leikskólans.....	5
Matsáætlun	5
Ytra mat 2025-2026.....	6
Umbótaáætlun	7
Áherslur í starfi leikskólans.....	7
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	8
2025-2026.....	8
2026-2027.....	9
Foreldrasamstarf	9
Foreldraráð	9
Foreldrafélag	10
Starfsmannamál.....	10
Símenntunaráætlun.....	10
Skipulagsdagar	11
Aðrar upplýsingar	11
Húsnæði og lóð.....	11
Skólaárið 2025 - 2026	11
Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027	12
Öryggismál.....	12
Lokaorð	12
Fylgigögn.....	13
Fylgiskjal 1 – Skóladagatal 2026-2027	13
Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun 2026-2027	13
Fylgiskjal 3 - Umbótaáætlun vegna viðhorfskönnunar foreldra 2026.....	13
Fylgiskjal 4 - Umbótaáætlun vegna vinnustaðagreiningar 2026	13
Fylgiskjal 5 - umsögn foreldraráðs.....	13

Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

Leikskólinn Álfaheiði er rekinn af Kópavogsbæ og hóf starfsemi sína 1. desember 1990. Leikskólinn er fjöggra deilda og þar dvelja að jafnaði 79 börn á aldrinum 1-6 ára frá klukkan 7:30-16:30, þó lokar deild yngstu barnanna klukkan 16:00 en yngstu börnin geta sameinast eldri deildum eftir klukkan 16 sé þess þörf. Leikskólinn er 602 m² að stærð, þar af er leikrými barna 264 m² og lóðin er 3120 m². Í leikskólanum er unnið í anda námsefnisins Lífsmenntar (e. Values based Education), þar sem átta jákvæðum lífsgildum er fléttað inn í allt skólastarf á tveggja ára tímabili.

2025-2026

Kópavogsmódelið hefur haft mjög jákvæð áhrif á starfsemi leikskólans og dregið úr meðaldvalartíma barna (sem er 7,09 klst. þann 1. apríl 2026) og þar með dregið verulega úr daglegu álagi á starfsfólk leikskólans. Þar sem ekkert foreldri óskaði eftir dvalartíma frá klukkan 7:30 eða til 16:30 styttist opnunartími leikskólans um 30 mínútur á dag, í **7:45-16:15** á skólaárinu, annað skólaárið í röð. Lokanir um hátíðir og í vetrarfríum hafa sömuleiðis dregið úr álagi vegna vinnustyttingar/betri vinnutíma starfsfólks, eins og kemur fram í starfsmannakönnun Skólapúlsins í mars 2025 og vinnustaðargreiningu Prósent (mars 2026).

Tveggja barna fækkun (vegna fyrirferðarmikilla hjálpartækja barna) var samþykkt á skólaárinu og heildarfjöldi barna var því 77 í stað 79.

Sumarið 2025 fengum við afhentan níunda Grænfánann og endurnýjuðum viðurkenningu okkar sem Réttindaskóli UNICEF. Á skólaárinu lögðum við í fyrsta sinn LANIS skimunarlista fyrir öll 3 ára börn á fjölmörgum tungumálum, Allt starfsfólk sótti Lubbanámskeið, fékk m.a. fræðslu um málþroska barna, krefjandi hegðun barna og líkamlegt inngrip, Lausnaringinn, velferð á vinnustað, farsæld barna, veikindarétt, Teams og gervigreind á skipulagsdögum vetrarins. Læsis- og málstefna leikskólans var endurskoðuð og gefin út.

Una Sigurðardóttir listakona hóf störf hjá okkur í hálfu starfi í október síðastliðinn. Sköpun hefur því skipað stóran sess á skólaárinu á öllum deildum og börnin hafa unnið falleg verk úr leir, tré og ýmsum endurnýtanlegum efnivið, ásamt því að semja ævintýri og búa til bækur. Arndís Hulda Auðunsdóttir tónlistarkona hóf einnig störf í tímavinnu í janúar síðastliðnum og er það mikill fengur fyrir börn og starfsfólk á öllum deildum leikskólans.

Elstu börn leikskólans tóku þátt, annað árið í röð, í ótrúlega skemmtilegu samstarfsverkefni með Tónlistarskóla Kópavogs, þar sem í ár voru sungin lög eftir Doktor Gunna og foreldrum barnanna boðið á stórtónleika í Salnum. Danskennsla átti sér stað á vorönninni og börnin tóku spörin fyrir aðstandendur á opnu húsi í leikskólanum í maí.


Hátt faghlutfall, mikill stöðugleiki og góður starfsandi ríkir í starfsmannahóp Álfaheiði, en leikskólinn fagnaði 35 ára afmæli þann 1. desember 2025. Þrír starfsmenn voru heiðraðir fyrir 35 ára starfsaldur, tveir fyrir 25 ára starfsaldur og fjórir fyrir fimm ára starfsaldur í leikskólanum. Meðalstarfsaldur mældist þann 1 desember tæp 12 ár.

Við stöndum okkur vel í að deila þekkingu okkar og reynslu en í apríl tókum við á móti 6 manna hópi kennara frá Danmörku og síðastliðið haust tókum við á móti vinum okkar í leikskólanum Efstahjalla til að fræðast um Réttindaskóla starfið okkar. Tveir leikskólakennaranemar í HÍ voru hér í starfsnámi á haustönn 2025 og einn nemi á vorönn 2026. Tveir nemar í Álfhólsskóla voru í leikskólavali, vikulega á vorönn 2026 sem styrkir samstarf við Álfhólsskóla enn frekar.

2026-2027

Kópavogsmódelið heldur áfram að stuðla að aukinni vellíðan og velferð barna og starfsfólks í leikskólanum. Flestir foreldrar hafa stýtt daglegan dvalartíma barna sinna og einungis foreldrar þriggja barna af 79 hafa óskað eftir dvalartíma umfram 8 klukkustundir fyrir næsta skólaár. Ekkert foreldri hefur óskað eftir dvalartíma frá klukkan 7:30 né til klukkan 16:30 því verður opnunartími leikskólans á skólaárinu **7:45-16:15**.

Öll ný börn byrja í gjaldfrjálsri dvöl á aðlögunartímanum óháð ósk foreldra um dvalartíma í umsókn. Þegar barnið er orðið öruggt í leikskólanum er foreldrum frjálst að lengja dvalartímann. Margir foreldrar eru enn að prufa sig áfram varðandi samræmingu vinnu og einkalífs og óskir um breytingar á dvalartíma barna eru tíðar. Við erum mjög sveigjanleg og verðum við óskum foreldra sem fyrst hvort sem um ræðir að lengja eða stytta dvalartíma barna.



Öllum leikskólaplássum hefur verið úthlutað í Álfaheiði og leikskólinn er fullmannaður, en viðbótarstöðugildi vegna sérkennslu næsta vetur eru óstaðfest.

Faglegar áherslur komandi skólaárs eru, auk þess að halda á lofti áherslum lífsmenntar, umhverfismenntar og barnasáttmála, m.a. að leggja lokahönd á endurnýjun námskrár leikskólans, innleiðing Lausnahringsins (en leikskólinn er ásamt níu öðrum leikskólum í Kópavogi þátttakandi í þróunarverkefni). Innleiðing rafræns innra mats og öflug list og tónlistarsköpun.

Stefnt er í námsferð innanlands í lok september 2026 þar sem starfsfólk fær fjölbreytta fræðslu á vegum Litlu menntabúðarinnar í Borgarfirði. Jafnframt er stefnt á námsferð erlendis vorið 2027.

Leiðarljós leikskólans

Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins og helsta náms- og þroskaleið barna. Í leikskólanum Álfaheiði er unnið í anda námsefnisins Lífsmenntar (Values based Education) og einkunnarorð leikskólans eru:

Deilum gildum okkar til að skapa betri heim. Með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi var lagður grunnur að markmiði og hlutverki lífsmenntakennslunnar. Skólar sem vinna með gildi leggja aðaláherslu á jákvæðni, gleði og kærleiksrík samskipti og meginmarkmiðið er að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna, siðvit og að þau læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Frekari upplýsingar um hugmyndafræði leikskólans er að finna á heimasíðu og í námskrá leikskólans <http://alfaheidi.kopavogur.is>

Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Álfaheiði eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins, hittist reglulega en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar, ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsáætlun

Aðferðir	Matsþættir	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Starfsmannakönnun Vinnustaðagreining	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Starfsmannakönnun Vinnustaðagreining	Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Starfsmannakönnun Vinnustaðagreining	Faglegt samstarf	x	x	x	x
Gátlisti, fundir	Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Gátlisti, fundir, nefndir	Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Gátlisti	Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Gátlisti, nefndir	Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Gátlisti, nefndir	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	x	x	x
Gátlisti	Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Foreldrakönnun,	Leikskóli margbreytileikans		x		x
Gátlisti	Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x

Aðferðir	Matsþættir	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl	Hlutverk leikskólakennara	x	x	x	x
Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl	Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x
Starfsmannakönnun Vinnustaðagreining	Starfsánægja	x	x	x	x
Starfsmannakönnun, foreldrakönnun, Gátlisti	Viðmót og menning	x	x	x	x
Foreldrakönnun, foreldrasamtöl, fundir	Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Gátlisti, foreldra-könnun, fundir,	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x	x	x	x
Foreldrakönnun, samtöl	Viðhorf foreldra		x		x
Fundir, gátlisti	Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
fundir	Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Foreldrakönnun, fundir	Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Ytra mat 2025-2026

Í mars 2026 var framkvæmd viðhorfskönnun foreldra á vegum Skólapulísins (92,2% svörun). Niðurstöður voru mjög jákvæðar, 100% ánægja með stjórnun leikskólans, 98% ánægja með hollt mataræði og 98% ánægja með leikskólann og starfseminu. Neikvæðar athugasemdir foreldra beindust helst að leikskólalóðinni sem þarfnast endurnýjunar. Umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar má finna í fylgiskjali 3.

Á vormánuðum 2026 fór einnig fram vinnustaðagreining á vegum Prósent (91% svörun). Niðurstöður voru afar jákvæðar en alltaf má rýna til gagns og leita tækifæra til umbóta. Í opnum svörum vinnustaðagreiningar var áberandi að starfsfólk upplifir að of mörg börn eru áætluð á hvert stöðugildi og helsti álagsvekjandi þáttur í starfinu er stígandi í krefjandi hegðun barna. Einungis helmingur starfsfólks hefur farið í formlegt starfsmannasamtal á síðustu 12 mánuðum og brýn þörf er að bæta úr því. Leiðbeinendur á aldrinum 17-29 ára eru oftast tilfinningalega úrvinda eftir vinnudaginn og starfsánægja þeirra mælist örlítið lægri, líklegar ástæður eru að leiðbeinendur hafa ekki sömu tækifæri og faglærðir til starfsþróunar og að fara út af deild t.d. vegna undirbúnings. Í fylgiskjali 4 má finna umbótaáætlun vegna vinnustaðagreiningar.



Fjöldi svara

29

Hitakort

Prösent

Hitakort

Comparison: Deild 2026

Breakout: Starfsstöð

Responses	Leikskólar	Leikskólinn Álfaheiði
> Starfsánægja	7.8	8.3
> Hollusta	8.9	8.9
> Trygð	8.6	9.0
> Ímynd	8.4	8.8
> Stjórnun	7.3	7.7
> Samstarf	8.6	9.4
> Starfið	8.7	9.0
> Starfsskiðyrði	6.8	6.8
> Laun og kjör	7.9	8.0
> Starfsþróun	7.6	8.0
> Starfsmannasamtal - aukaspurningar	8.8	8.8
> Starfsskiðyrði - aukaspurningar	7.2	7.8
> Ímynd - aukaspurningar	8.8	9.7
> Laun og kjör - aukaspurningar	7.2	8.3
> Stjórnun - aukaspurningar	7.3	7.7
> Starfsmannasamtal - ný aukaspurning	8.6	8.1

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana.

Áherslur í starfi leikskólans

Átta lífsgildum er fléttað á fjölbreyttan hátt inn í námið með það að markmiði að undirbúa nemendur betur undir lífið. Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Unnið hefur verið markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2010, en lífsmennt byggir, eins og áður hefur komið fram á Barnasáttmálanum.

Álfaheiði er Réttindaskóli UNICEF en í því felst að byggja upp lýðræðislegt umhverfi í leikskólanum, standa vörð um réttindi barna og rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi. Réttindaskólaverkefnið byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er alþjóðlegt verkefni sem

snýst um að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

Leikskólinn Álfaheiði er jafnframt Sólblómaleikskóli, en börn, foreldrar og starfsmenn í leikskólanum styrkja í sameiningu framfærslu Isabellu sem býr í barnaþorpi SOS í Tansaníu. Við fræðumst saman um hag hennar og annarra barna sem búa við misjafnar aðstæður um allan heim ásamt því að leggja okkar af mörkum til að gera heiminn að betri stað fyrir alla.

Við vinnum með forvarnarverkefnið Vináttu, frá Barnaheill, sem fellst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag og eiga góð samskipti.

Leikskólinn leggur áherslu á sjálfbærni og umhverfismennt og hefur flaggað Grænfánanum frá 2008 en hann er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum.

Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun í leikskólanum í samvinnu við foreldra þ.e. mikilvægi þess að hafa jákvæð áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum eins snemma og unnt er. Markmið með snemmtækri íhlutun er að tryggja að öll börn fái jöfn tækifæri og nái hámarksárangri hvað varðar alhliða þroska þeirra og velferð.

Nánari upplýsingar um hugmyndafræði og skólastarf Álfaheiði er að finna á heimasíðu leikskólans og í skólanámskrá. <http://alfaheidi.kopavogur.is>

Þróunar- og nýbreytnistarf

2025-2026

Skólaárið 2025-2026 var sérstök áhersla á eftirfarandi gildi: virðing, samvinna, ábyrgð og þakklæti. Lýðheilsa var þema leikskólans í umhverfismennt.

Hrönn Valgeirsdóttir sérkennslustjóri, leikskólakennari og MA í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf hlaut styrk úr Forvarnarsjóði Kópavogs til þess að fræða foreldra leikskólabarna í Kópavogi, en hún veitti einnig fræðslu fyrir deildarstjóra í leikskólum Kópavogs og leiðbeinendur í leikskólanum Efstahjalla.

Mikið var um samráð og fræðslu á vegum menntasviðs vegna samþættingar þjónustu við börn og fjölskyldur, **tengiliðir Samþættrar þjónustu í Álfaheiði eru Hrönn Valgeirsdóttir sérkennslustjóri og Rakel Ýr Isaksen aðstoðarleikskólastjóri**. Í lok skólaársins voru 10 mál í samþættingu.

Verkefnastjóri í Kópavogi vegna barna með fjölbreyttan tungumála og menningar bakgrunn veitti fræðslu og kom að nokkrum málum í leikskólanum. Á vorönn átti sér stað samstarf með Arnarskóla í formi m.a. fræðslu um líkamleg inngrip, ráðgjöf og beina kennslu.

Rakel aðstoðarleikskólastjóri og Steinunn deildarstjóri á Hjalla tóku þátt í Erasmus námskeiði í LIFE aðferðinni (leiðtogafærni) á vegum Kópavogs og NORTH Consulting í Brussel í maí og starfsmenn tóku þátt í fjölbreyttum starfstengdum námskeiðum á skólaárinu. Allir starfsmenn leikskólans hafa m.a. tekið netnámskeið BOFS um kynferðisofbeldi gegn börnum, barnasáttmála námskeið og verklag um tilkynningar til barnaverndar á fræðslutorgi. Matráður og aðstoðarmatráður sóttu námskeið um súrdeigsbakstur og matráðar hafa hist reglulega. Deildarstjórar sóttu regluleg deildarstjóranámskeið og þrír leiðbeinendur sóttu leiðbeinanda/nýliðanámskeið Menntasviðs á haustönn.

Sköpun var áberandi á skólaárinu börn af öllum deildum leikskólans sóttu vinnustundir í listaskálanum undir handleiðslu Unu B. Sigurðardóttur. Markmiðið er að gefa börnum færi á að læra aðferðir til sköpunar, bjóða þeim aðgengi að verkfærum, efniviði og þekkingu sem dýpkar og eflir listsköpun þeirra. Verkefni vetrarins hafa verið að ýmsum toga og spanna frá leirmótun, skúlptúr,

sagna-og kortagerð, málun og klippimyndir. Verkefnin þjálfa og þroska börnin á fjölþættan hátt, bæði huglægt (fagurproski, ímyndunarafl, sjálfstjórning, innri frásögn o.fl.) sem og líkamlega (fínhyrtinga, handstyrkur, notkun verkfæra og því um líkt) og leitast er við að tengja saman frásögn barnsins og tungumálið við myndræna sköpun, með hæglæti að leiðarljósi. Tónlist var jafnframt áberandi frá áramótum þar sem Arndís Hulda Auðunsdóttir vann með leik að hljóði og tónlist með öllum börnum og mikil samvinna var meðal annars í verkefnum sem unnin voru í listaskála.

Börn fædd 2021 tóku þátt í rannsókn á vegum Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík um kortlagningu sjónrænnar hlutaskynjunar barna. Rannsóknin snýst um að kanna þroska sjónrænnar hlutaskynjunar og tengsl hennar við lestur, þar sem rannsóknir benda til þess að sum börn með lestrarörðugleika geti glímt við erfiðleika í sjónrænni úrvinnslu.

2026-2027

Una Björk listgreinakennari fékk styrk úr Þróunarsjóði leikskóla vegna verkefnis sem unnið verður á skólaárinu og mun spanna fjölbreytt svið lista.

Á skólaárinu verður sérstök áhersla á eftirfarandi gildi: Friður, kærleikur, umburðarlyndi og hugrekki. Þema leikskólans í umhverfismennt er áfram lýðheilsa. Sá grunnþáttur menntunar sem verður metin á skólaárinu er Heilsa og vellíðan.

Eins og kemur fram í umbótaáætlun vegna vinnustaðagreiningar stefnum við á að bjóða upp á mánaðarlega fræðslufundi/innanhúsfræðslu fyrir leiðbeinendur með því markmiði að efla faglegt starf í Álfabeiði.

Faglegar áherslur komandi skólaárs eru eins og áður hefur komið fram, auk þess að halda á lofti áherslum lífsmenntar, umhverfismenntar og barnasáttmála, að leggja lokahönd á endurnýjun námskrár leikskólans, innleiðing Lausnahringsins og öflug list og tónlistarsköpun.

Foreldrasamstarf

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Upplýsingar berast til foreldra á upplýsingatöflu í fataherbergjum deilda, með tilkynningum í gegnum Völu, í tölvupósti, á SWAY og heimasíðu leikskólans.

Leikskólinn starfar eftir lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Tengiliðir farsældar í leikskólanum eru Hrönn Valgeirsdóttir sérkennslustjóri og Rakel Ýr Isaksen aðstoðarleikskólastjóri. Allir foreldrar fá kynningu á farsældarlögum og samþættingu þjónustu við börn og fjölskyldur: á kynningarfundum fyrir nýja foreldra að vori, á foreldrafundi að hausti, í tölvupósti frá tengiliðum farsældar í leikskólanum að hausti og vori og í foreldrasamtölum.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Nýtt foreldraráð var kosið á foreldrafundi í október s.l. Foreldraráðið skipa: Arnór Sveinn Aðalsteinsson, Snorri Páll Þórðarson, Darri McMahon, Elías Mikael Vagn Siggeirsson og Telma Ýr Óskarsdóttir. Foreldraráð leikskólans fundaði einu sinni á vorönn með leikskólastjóra og aðstoðarstjóra, ásamt því að foreldraráð sendi frá sér yfirlýsingu í Kópavogspóstinn til stuðnings Kópavogsmódelinu. Starfsreglur foreldraráðs má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Öflugt foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Í foreldrafélagi Álfaheiði eru: Ásdís Rún Ólafsdóttir, Hulda Karen Pétursdóttir, Elísa Örk Einarsdóttir Wellings, Sandra Sif Magnúsdóttir, Guðný Lára Jónsdóttir og Hrönn Valgeirsdóttir fulltrúi starfsfólks.

Starfsmannamál

Í Álfaheiði starfar öflugur starfsmannahópur með fjölbreytta reynslu og menntun.

Fjárhagsáætlun vegna komandi skólaárs hefur ekki verið gefin út en á komandi skólaári er gerum við ráð fyrir 11,59 stöðugildum vegna barngilda, sem þó eru breytileg yfir veturinn vegna þess að við verðum við tíðum óskum foreldra um breytingar á dvalartíma barna, 100% stöðu leikskólastjóra, 50 % stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50 % stöðu sérkennslustjóra (tímabundin heimild er fyrir 25% aukningu á stöðu sérkennslustjóra = 75%) og 1,75 % stöðugildi starfa í eldhúsi. Að auki starfar í eldhúsi 0,5 % viðbótar stöðugildi (starfsmaður með skerta starfshæfni).

2,70 stöðugildi vegna afleysinga vegna veikinda og undirbúningstíma kennara, 1,14 st.g. vegna aukins faghlutfalls og 0,63 stöðugildi vegna sumarafleysingar. Vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir tímabundna eða væga íhlutun er 0,98 % stöðugildi.

Til viðbótar eru stöðugildi vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir sértækan stuðning, en fjöldi stöðugilda vegna þess er breytilegur og fer eftir samsetningu barnahópsins hverju sinni. Úthlutun fyrir komandi skólaár hefur ekki átt sér stað.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin, síðastliðið sumar störfuðu fjögur ungmenni á vegum vinnuskóla Kópavogs í leikskólanum Álfaheiði.

Nokkrar breytingar eru fyrirsjáanlegar á starfsmannahópnum á komandi skólaári, þar sem einn leikskólakennari mun hætta störfum vegna aldurs í lok sumars og leikskólastjóri mun láta af störfum vegna aldurs næstkomandi vor. Einn leikskólakennari og einn háskólamenntaður starfsmaður munu snúa til baka eftir barnsburðarleyfi. Umfang viðbótarúthlutunar vegna sérkennslu mun að öllum líkindum minnka frá síðasta skólaári (6.75 st.g.).

Stöðugleiki er þó í starfsmannahópnum og hluti hópsins hefur starfað í Álfaheiði frá upphafi, 45% starfsfólks sem sinna uppeldi og menntun barna eru með leyfisbréf, 17% með aðra háskólamenntun og 38% eru leiðbeinendur í SFK, þar af margir með áratuga starfsaldur í Álfaheiði. Við búum auk þess svo vel að eiga að bakverði í tímavinnu sem hafa stokkið til og leyst af fjarveru starfsfólks.

Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum og þörf starfsmanna fyrir fræðslu og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu og auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skólans (sjá fylgiskjal 2) og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann. Á komandi skólaári munum við óska eftir viðbótar skipulagsdegi vegna námsferðar erlendis.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á skólaárinu. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins. Nánari dagskrá má sjá í símenntunaráætlun leikskólans (fylgiskjal 2).

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau (fjöldi námskeiða er að auki í boði á fræðslutorgi á vef Kópavogsbæjar).

Aðrar upplýsingar

Í Álfaheiði dvelja að jafnaði 79 börn, á aldrinum eins til sex ára, samsetning barnahópsins skólaárið 2026-2027 er sem hér segir:

7 börn fædd 2025

16 börn fædd 2024

16 börn fædd 2023

19 börn fædd 2022

21 börn fædd 2021

Skólaárið 2026-2027 eru 22 tví- eða fjöltýngd börn: 14 börn sem eiga báða foreldra með annað móðurmál en íslensku og 8 börn eiga annað foreldri með annað móðurmál en íslensku, frá 13 þjóðlöndum.

Sérkennsla og sértækur stuðningur fer að mestu fram í daglegu starfi, í eins fámennum hópum og aðstæður leyfa hverju sinni, en einstaklingsþjálfun fer einnig fram með þeim börnum sem þess þurfa. Sérkennslustjóri vinnur skýrslu á hverju vori þar sem tölulegum upplýsingum, framkvæmd og leiðum í sérkennslu síðasta vetrar er lýst.

Húsnæði og lóð

Skólaárið 2025 - 2026

Framkvæmdir utanhúss hafa staðið yfir frá hausti og standa enn yfir, en skipt var um glugga og hluta klæðningar á vestur, austur og suður hliðum hússins. Loftræsting í matvælageymslu var bætt, sem og lýsing í öllu húsinu. Í apríl kom í ljós utanaðkomandi leki frá loftræstingu á deild elstu barna og eignadeild vinnur að endurbótum vegna þess, en umfang framkvæmda er óljóst.

Vinnueftirlitið í samvinnu við eignadeild framkvæmdi hljóð og loftgæða mælingu í leikskólanum. Unnið hefur verið að bættri hljóðvist á deild elstu barna með uppsetningu á hljóðvistarplötum á vegg og í lofti, auk skilrúma á opnu svæði á deildinni. Loftgæðamæling fór fram á einni deild, en þörf er á að bæta loftræstingu víða í húsinu, sérstaklega á skrifstofu leikskólastjóra, á kaffistofu og í vinnurými kennara. Ekki voru framkvæmd alþrif síðastliðið sumar þar sem framkvæmdir við gluggaútskipti voru í gangi. Brýn þörf er því á alþrifum í öllum rýmum þar sem iðnaðarryk gerir lítið til að bæta loftgæðin í húsinu.

Leikskólinn fékk tilnefningu til hljóðvistarverðlauna en hljóðvistin á nýuppgerðu deildunum Hjalla og Brekku er til fyrirmyndar og stórbætir starfsumhverfi barna og starfsfólks sem þar dvelja og starfa.

Endurnýjun húsbúnaðar og leikefnis (sem fargað var vegna myglu sem greindist 2024) er nánast lokið, þó eru enn nokkrir hlutir sem upp á vantar s.s. tveir sófar, þurrkgrindur og trönur fyrir listaskála. Við höfum tekið okkur drjúgan tíma til að máta okkur í nýuppgert húsnæðið og vöndum

valið. Vænst er að fasteignadeild Kópavogs muni áfram taka þátt í þeim kostnaði sem til fellur vegna endurnýjunar húsbúnaðar.

Í úttekt Vinnueftirlits 2023 var gerð athugasemd við of lítið rými fyrir vinnuaðstöðu kennara. Viðbótar vinnuaðstaða kennara hefur verið útbúin á háalofti leikskólans, sem áður nýttist sem geymsla. Rýmið er vel nýtt en nauðsynlegt er að hljóðeinangra rýmið eða loka af með einhverjum hætti, þar sem inngangur í það er staðsettur á deildinni Brekku og mjög hljóðbært er á milli hæða.

Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027

Leikskólinn Álfaheiði opnaði 1. desember 1990 og þörf er á stöðugu viðhaldi á húsi og lóð, innan sem utan til að koma í veg fyrir niðurníðslu húsnæðisins. Það er einlæg ósk okkar að sá hluti hússins sem ekki þótti ástæða til að fara í framkvæmdir í vegna myglunnar, deild yngstu barnanna, fái yfirhalningu fljótlega s.s. nýjan gólfdukk, bættu hljóðvist, nýjar innihurðir og útihurð. Jafnframt er komið að endurnýjun borða og stóla á yngstu deildinni, þar sem upprunalegur húsbúnaður er slitinn og kominn vel til ára sinna.

Gott væri að skipta út inni- og útihurð á deild elstu barna og klæða loftræstitæki og bæta þar með hljóðvist í rýminu.

Lóð leikskólans var gerð upp að hluta sumarið 2012 og einhverjar lagfæringar hafa átt sér stað undanfarin ár s.s. runnar fjarlægðir og lýsing bætt á lóð og bílastæði. Að mati starfsfólks, foreldra og barna er brýn þörf á lagfæringu á lóð og leiktækjum. Óskir um viðhald á lóðinni hafa verið sendar á garðyrkjudeild Kópavogs.

Vonir standa til að réttindaráð barna hafi aðkomu að hugmyndavinnu að bættri leikskólalóð þegar þar að kemur.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti. Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Sjóvá. Skólaárið 2025-2026 urðu átta minniháttar slys á börnum, eitt minniháttar hálku slys á starfsmanni og minniháttar umferðaróhapp hjá starfsmanni á leið heim úr vinnu.

Lokaorð

Kópavogsbær mætti íhuga að rukka sérstaklega fyrir skráningardaga, líkt og gert er í frístund grunnskóla og fella áfram niður gjöld fyrir þá sem ekki nýta þjónustuna. Sú breyting myndi að öllum líkindum draga úr tilhæfulausri skráningu og bæta nýtingu mannauðs. Það myndi jafnframt auka fyrirsjáanleika starfsfólks og einfalda mönnun á skráningardögum ef skráning fyrir alla skráningardaga á haustönn ætti sér stað í upphafi skólaárs og skráning fyrir alla skráningardaga á vorönn ætti sér stað í janúar.

Jafnframt er brýn þörf að endurskoða úrelta stöðugildaútreikninga vegna barngilda, þar sem kröfur um að tryggja öryggi hafa aukist, daglegt vinnuframlag starfsfólks hefur breyst með tilkomu betri vinnutíma/vinnustyttingar, barnahópurinn er fjölbreyttari og raun dvalartími barna er síbreytilegur.

Fylgigögn

Fylgiskjal 1 – Skóladagatal 2026-2027

Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun 2026-2027

Fylgiskjal 3 - Umbótaáætlun vegna viðhorfskönnunar foreldra 2026

Fylgiskjal 4 - Umbótaáætlun vegna vinnustaðagreiningar 2026

Fylgiskjal 5 - umsögn foreldraráðs

Höfundar: Rakel Ýr Isaksen aðstoðarleikskólastjóri og Anna Rósa Sigurjónsdóttir leikskólastjóri

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Leikskólinn Álfaheiði

Fríður	Fríður	Fríður	Karleikur	Karleikur	Karleikur	Umburðarlyndi	Umburðarlyndi	Umburðarlyndi	Hugrekki	Hugrekki
ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 L	1 Þ Þríningsdagur	1 F Aðalfundur foreldrafélagsins	1 S Lesum saman í september	1 Þ Fúlveiddagurinn í leikskólinni	1 F Þríningsdagur	1 M	1 M	1 F	1 L Vekisgjafdagurinn	1 Þ
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ Þríningsdagur	2 Þ Þríningsdagur	2 F	2 S	2 M
3 M	3 F	3 L	3 Þ Þríningsdagur	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F
4 Þ Sunnudegur	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ Þríningsdagur	4 F
5 M Sunnudegur	5 L	5 M	5 F	5 L Foreldrafélagsins	5 Þ	5 F Fagnatundur	5 F	5 M Foreldramótið í Vikunnar Hafi	5 M Þríningsdagur	5 L
6 F Leikskóli opnar 13:00	6 S	6 Þ Þríningsdagur	6 F	6 S	6 M Þríningsdagur	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ Þríningsdagur	6 F Vísindisfundurinn	6 S Skólagættardagurinn
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M Fagnatundur	7 F	7 S Dagur bókabréfanna	7 S	7 M	7 F Skólagættardagurinn	7 M
8 L	8 Þ Dagur barna	8 F	8 S Bókabréf dagurinn gegn einelti	8 Þ Þríningsdagur	8 F	8 M Skóladagur	8 M	8 F	8 L	8 Þ Þríningsdagur
9 S	9 M	9 L Fagnatundur	9 M	9 M	9 L	9 Þ Skólagættardagurinn	9 Þ Skólagættardagurinn	9 F	9 S	9 M
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F
11 Þ	11 F	11 S Fagnatundur foreldra íslenskra (HT)	11 M Skólagættardagurinn	11 F	11 M	11 F Íslenska bókabréfanna	11 F	11 S	11 Þ Fagnatundur	11 F Fagnatundur
12 M	12 L	12 M	12 F Almennir kaþólikar dagar	12 L	12 Þ Þríningsdagur	12 F Karleikukaffi	12 F Fagnatundur	12 M Foreldramótið í Vikunnar Hafi	12 M Fagnatundur	12 L
13 F	13 S	13 Þ	13 F Fagnatundur	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M Fagnatundur	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F Fagnatundur	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ
16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F Fagnatundur	16 S Húsbændisdagurinn	16 M
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F Lögfréttardagurinn
18 Þ	18 F Fagnatundur	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M Foreldramótið í Vikunnar Hafi	19 M	19 L
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S
21 F Fagnatundur	21 M	21 M	21 L	21 M Fagnatundur	21 F	21 S Konungsdagur - Upphaf Góðs	21 S Þáttasunnudagurinn	21 M	21 F	21 M
22 L	22 Þ	22 F Skólagættardagurinn	22 S	22 Þ	22 F Bókabréf dagurinn - Fagnatundur	22 M Skólagættardagurinn	22 M Skólagættardagurinn	22 F Samræðingardagurinn	22 L	22 Þ
23 S	23 M	23 F Skólagættardagurinn	23 M	23 F	23 L	23 Þ Skólagættardagurinn	23 Þ Skólagættardagurinn	23 F	23 S	23 M
24 M	24 F	24 L Þríningsdagurinn	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F
25 Þ	25 F Skólagættardagurinn	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F Fagnatundur
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 L	30 M	30 M	30 F	30 S	30 M
31 M	31 L	31 M	31 F	31 M	31 S	31 M	31 M	31 F	31 M	31 L

Sumar og sólblómahátíð leikskólans verður haldin síðdegis einn góðviðris dag í júní.
Bleikur dagur verður í október í tengslum við Bleiku slaufuna
Sumarlokun leikskólans er frá þriðjudegi í annari viku júlí til fimmtudags eftir Verslunarmannahelgi

Pátttakendur	Lýsing	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Starfsfólk deilda	Deildafundir	Upplýsingagjöf, samráð, fræðsla, umræður um starfið og fleira	Mánud / föstudaga 10:00-11:00 /13:00-14:00 Skipulagdagar	60 mín á þriggja vikna fresti, Hver deild ca 120 mín.	Unnið á vinnutíma	Deildastjórar
Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, sérkennslustjóri og matráður	Deildarstjórafundir	Bókun næstu viku, miðlun upplýsinga, umræður um starfið, ákvarðanatöku og samráð stjórnenda-teymis.	föstud. kl:10:00-11:00	60 mínútur einu sinni í viku.	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri
Einn fulltrúi frá hverri deild auk leikskólaskólastjóra/aðstoðar- og sérkennslustjóra.	Miðlun	Miðlun daglegra upplýsinga s.s. fjarvera starfsfólks, viðburðir dagsins o.s.frv.	Alla morgna kl.8:20	5-10 mínútur daglega	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri
Einn áhugasamur fulltrúi frá hverri deild auk leikskólaskólastjóra/aðstoðar- og eða sérkennslustjóra.	Nefndir og ráð	Nefndir og ráð leiða, samræma áherslur og meta starfið. Nefndirnar eru vettvangur fyrir virkar samræður um starfið, ígrundun, innra mat og skólaþróun.	Mánudaga og föstudaga 10:00-11:00 /13:00-14:00	60 mínútur hver fundur Hver nefnd hittist að lágmarki tvisvar á önn	Unnið á vinnutíma	Stjórnendur
Deildarstjórar	Samráðsfundur deildarstjóra	Vettvangur fyrir virkar samræður um starfið, handleiðslu, ígrundun, innra mat og skólaþróun.	Alla fimmtudaga 8:30-10:00	60-90 mínútur hver fundur	Unnið á vinnutíma	Deildarstjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og veita tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans.	haust Vor	30-60 mín 30 -40 mín pr. starfsmann	Unnið í vinnutíma	deildarstjórar Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk og leiðbeinendur	Fræðslufundir	Að efla faglegt starf og stuðla að skólaþróun	1 x í mánuði	ca 60 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Stjórnendur og kennarar
Leikskólakennarar	Fagfundir	Fræðilegar umræður, innra mat og stefnumótun.	1 x á skólaárinu	2 klst.	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri

Þátttakendur	Lýsing	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allir starfsmenn	Starfsmannafundur	Deildarfundir utan dagvinnutíma, áætlun og mat á skólastarfi-gátlisti	1 x á haustönn 1 x á vorönn	2 klst. 2 klst.	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Námferð innanlands Hæglátt leikskólastarf, opinn efniviður, viðbrögð og forvarnir gegn kynferðisofbeldi, jákvæð sálfræði og útinám	25. sept. 2026	7.5 klst.	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Öryggismál Slysavarnir, skyndihjálp, rafrænt innra mat	11. nóv. 2026	7.5 klst.	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Lausnahringurinn námskrá- uppfærsla	29. jan. 2027	7.5 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Lausnahringurinn, deildarfundir,	9.mars 2027	7.5 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Viðbótar skipulagsdagur	Námsferð erlendis skólaheimsóknir Hópefli	5. maí 2027	7.5 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Námsferð erlendis skólaheimsóknir Hópefli	7. maí 2027	7.5 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA FORELDRAKÖNNUNAR SKÓLAPÚLSINS 2026

Tækifæri til umbóta	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Húsnæði og lóð	Brýn þörf á að endurnýja leiktæki og gera leikumhverfi barna á lóðinni aðlaðandi.	Garðyrkjudeild Kópavogs	Garðyrkjudeild er með forgangslista. Við sýnum þolinmæði og bíðum eftir að röðin komi að okkur.
	Fjölguð gönguferðum sem og skipulögðum leiktilboðum og viðburðum á lóðinni okkar.	Allir starfsmenn	Að lágmarki einu sinni í viku- þegar færðin er góð.
	Sanda/salta innganga að leikskólanum	Starfsmenn sem opna að morgni	Í hálfu -áður en fyrsta barn mætir að morgni.
Samskipti við foreldra	Bæta daglega skráningu í Völu varðandi mat og svefn sem og skráningu á upplýsingatöflu.	Allir starfsmenn	Skráning fljótlega eftir hádegi/hvöld.
	Mynd og upplýsingar um afleysingu/nýtt starfsfólk við upplýsingatöflur deilda.	Deildarstjórar	Hvern dag sem afleysing er á deild.
	Afleysing/nýr starfsmaður kynnir sig fyrir foreldrum	Nýr starfsmaður/afleysing	Þegar viðkomandi starfsmaður hittir foreldra.
	Bæta upplýsingar til foreldra varðandi aðlögun barna á milli deilda.	Deildarstjórar	Foreldrum er kynnt áætlun heimsóknna í nýja deild fyrir næstu viku.
	Senda tölvupóst til foreldra til að minna á viðburði deilda framundan.	Deildarstjórar og skólastjórnendur	Í hálfsmánaðarlegum tölvupósti deildarstjóra.
	Ítreka að foreldrar geti alltaf óskað eftir samtali.	Deildarstjórar	Í hverju foreldrasamtali og í fréttapósti til foreldra a.m.k. tvisvar á skólaárinu.
	Heilsa og kveðja bæði barni og foreldrum þegar börn mæta og eru sótt í leikskólann.	Allir starfsmenn	Hvern dag.
	Koma á framfæri jákvæðum upplýsingum og hrósi til foreldra.	Allir starfsmenn	Við hvert tækifæri.
Leikskólastarf	Aðgerðir gegn matarsóun – koma í veg fyrir samviskubit barns og huga að smærri skömmtum til að kenna börnum að þekkja eigið magamál.	Allir starfsmenn	Í matmálstímum.

UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA VINNUSTAÐAGREININGAR 2026



Tækifærir til umbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	tímarammi
Stjórnun	Starfsmannasamtöl	Leikskólastjóri	Á vorönn
	Starfsmannasamtöl	Deildarstjórar	Á haustönn
Draga úr streitu og styrkja ófaglærða starfsmenn	Fræðslufundir í leikskólanum fyrir leiðbeinendur.	Skólastjórnendur, sérkennslustjóri og deildarstjórar	Einu sinni í mánuði í tveimur hópum-sýnilegt á fundadagatali
	Skipulagður undirbúningstími fyrir ófaglært starfsfólk.	deildarstjórar	Vikulega ef færi gefst.
Starfsþróun	Sameiginlegur undirbúningstími deildarstjóra/samráðsfundir.	Deildarstjórar	Fimmtudagar 8:30-10:15
	Sérkennslufundir	Sérkennslustjóri	A.m.k. einu sinni í mánuði í tveimur/þremur hópum-sýnilegt á fundadagatali

Kópavogur 6. júlí 2026

Sem fyrr lýsir foreldraráð Álfaheiðar yfir ánægju sinni með starfsemi leikskólans. Starfsáætlun skólans ber vott um metnað í starfi, sem er einnig upplifun ráðsins.

Leikskólinn starfar í anda átta lífsgilda sem fléttuð eru inn í starfsemina á fjölbreyttan hátt og má segja að þau séu ákveðinn grunnur að starfi skólans, sem ráðið er afar ánægt með.

Í áætluninni er farið yfir þau verkefni sem unnin voru á misserinu, svo sem Réttindaskóla UNICEF, Lífsmenntarverkefnið, forvarnarverkefnið Vinátta, Grænfáninn, Sólblómaverkefnið, Okkar leikskóli og LANIS-málþroskaskimun. Einnig var ánægjulegt að fylgjast með listsköpun barnanna á árinu, en unnið var með listakonu sem ráðin var í hálft starf. Þá vakti Tónlistarskóla Verkefnið, sem elstu börnin tóku þátt í af mikilli þrýði, einnig athygli.

Allt eru þetta vel valin og uppbyggileg verkefni sem gaman hefur verið fyrir okkur foreldra að fylgjast með.

Kópavogs módelið hefur áfram jákvæð áhrif á starfsemi leikskólans og fagnar foreldraráðið því.

Foreldraráðið lýsir yfir ánægju sinni með starfsáætlunina í heild, það góða starf sem hún ber vitni um og þau verðugu verkefni sem þar er að finna.

Fyrir hönd foreldraráðs leikskólans Álfaheiði

Arnór Sveinn Aðalsteinsson

